

1974 nr. 8 13. mars**Hjúkrunarlög**

■ **1. gr.** [Rétt til þess að stunda hjúkrun hér á landi og kalla sig hjúkrunarfræðing hefur:

1. sá sem fengið hefur leyfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, sbr. 2. gr.,

2. sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á hjúkrunarleyfi í landi sem aðili er að samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

□ Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um þá sem stunda mega hjúkrun hér á landi skv. 2. tölul. 1. mgr.]¹⁾

¹⁾ L. 116/1993, 4. gr.

■ **2. gr.** [Leyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hefur prófi í hjúkrunarfræðum frá Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri.

□ Ráðherra getur og veitt hjúkrunarleyfi skv. 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. þeim sem lokið hefur sambærilegu prófi og um getur í 1. mgr. í landi utan hins Evrópska efnahagssvæðis, enda teljist umsækjandi að öðru leyti hæfur að dómi hjúkrunarráðs.

□ Hjúkrunarráð skal skipað þremur mönnum til fjögurra ára og skal einn tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, einn af menntamálaráðuneyti og einn af Hjúkrunarfélagi Íslands.

□ Útlendingar, sem sækja um leyfisveitingu skv. 2. mgr., skulu hafa næga kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli.]¹⁾

¹⁾ L. 116/1993, 4. gr.

■ **3. gr.** Enginn má kalla sig sérfræðing í hjúkrun, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

□ Ráðherra setur reglugerð¹⁾ um skilyrði til að öðlast sérfræðileyfi að fengnum tillögum hjúkrunarráðs. Hjúkrunarfélag Íslands skal tilnefna [tvo sérfróða hjúkrunarfræðinga]²⁾ til þátttöku með ráðinu í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá [þeir]²⁾ þá atkvæðisrétt í ráðinu.

□ Hjúkrunarráð skal einnig fjalla um veitingu sérfræðileyfa.¹⁾

¹⁾ Rg. 426/1993, sbr. 246/1981. ²⁾ L. 32/1975, 2. gr.

■ **4. gr.** Ekki má ráða aðra en [hjúkrunarfræðinga]¹⁾ skv. 1. gr. til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrahöfnanir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

¹⁾ L. 32/1975, 2. gr.

■ **5. gr.** [Hjúkrunarfræðingi]¹⁾ ber að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni og útleinka sér þær nýjungar, er varða hjúkrun.

□ Ráðherra getur sett reglur um viðhaldsmenntun.

¹⁾ L. 32/1975, 2. gr.

■ **6. gr.** [Hjúkrunarfræðingum]¹⁾ er skylt að gæta fyllstu þagmælsku um öll einkamál, er [þeir]¹⁾ fá vitneskju um í starfi sínu, nema lög bjóði annað, og helst þagnarskyldan, þótt [þeir]¹⁾ láti af starfi.

□ Skylda til þess að bera vitni fyrir rétti er takmörkuð í samræmi við þetta og ákvæði réttarfarslaga um vitnaskyldu embættis- og sýslunarmanna og sérákvæði slíkra laga um lækna.

¹⁾ L. 32/1975, 2. gr.

■ **7. gr.** Ef [hjúkrunarfræðingur]¹⁾ vanrækir skyldur sínar eða brýtur gegn heilbrigðislöggjöf landsins að dómi landlæknis, skal landlæknir áminna [hann].¹⁾ Komi áminningin ekki að haldi, leggur landlæknir málið fyrir ráðherra. Getur þá ráðherra úrskurðað, að hlutaðeigandi skuli sviptur hjúkrunarleyfi, en skjóta má hann þeim úrskurði til dómstóla.

□ Nú hefur [hjúkrunarfræðingur]¹⁾ verið [sviptur]¹⁾ hjúkrunarleyfi skv. 1. mgr., og er þá ráðherra heimilt að veita [honum]¹⁾ leyfið aftur, enda liggi fyrir meðmæli landlæknis.

□ [Ákvæðum 1. og 2. mgr. skal eftir því sem við á beitt gagnvart þeim sem hlotið hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr.

□ Nú er einstaklingur, sem hér starfar á grundvelli leyfis skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr., sviptur því leyfi og fellur þá niður heimild hans til að starfa hér á landi.]²⁾

¹⁾ L. 32/1975, 2. gr. ²⁾ L. 116/1993, 4. gr.

■ **8. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 73/1989, 2. gr.

■ **9. gr.** Heilbrigðismálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um efni laga þessara.

■ **10. gr.** Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að öðrum lögum.

□ Með mál út af brotum á löggjöfinni skal fara að hætti opinberra mála.

□ Sektir samkvæmt löggjöfinni renna í ríkissjóð.